

ALYKTUN LANDSFUNDAR KVENNALISTANS 1992 UM ATVINNUMÁL

Ljóst er að opinberar tölur um skráð atvinnuleysi gefa ranga mynd af raunverulegu atvinnuleysi. Stórir hópar eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og eru því ekki á skrá. Kvinnalistinn telur nauðsynlegt að tölur gefi rétta mynd af raunverulegu atvinnuleysi.

Atvinna er grundvallarmannaréttindi og er því brýnt að stjórnvöld verði stefnumótandi í atvinnumálum og vinni að lausnum til frambúðar.

Núverandi atvinnuleysistryggingakerfi er ófært um að sinna hlutverki sínu. Kvinnalistakonur ætla að beita sér af krafti fyrir því að vinnufært fólk án atvinnu fái óskertar atvinnuleysisbætur. Atvinnuleysi tekur til allra starfsstétta, en kemur ekki síst niður á konum.

Koma verður í veg fyrir að konur séu meðhöndlaðar sem varavinnuafl og ýtt út af vinnumarkaðinum þegar að kreppir.

Íslenskt atvinnulíf stendur nú á tímamótum. Verið er að hverfa frá framleiðslukerfi þar sem allur hagvöxtur byggir á aukinni framleiðslu yfir til upplýsingakerfis þar sem þekking, ný tækni og stóraukin sjálfvirkni tryggja aukin verðmæti þess sem framleitt er. Einhæft og hnignandi atvinnulíf, stóraukið atvinnuleysi kvenna, mikill brottflutningur og ójöfn kyn- og aldursskipting eru vandamál sem alls staðar blasa við á landsbyggðinni.

Fram að þessu hafa öll umhverfismál verið talin kostnaðarsöm vandamál og litið hefur verið fram hjá þeim atvinnuskapandi möguleikum sem lausn þeirra býður upp á. Mikilvægt er á þessum tímamótum að bæði skammtíma og langtíma lausnir hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Uppfylla verður þarfir þjóðarinnar án þess að skaða umhverfið og náttúruauðlindir.

Landsfundur Kvennalistans, haldinn á Laugarvatni 30. okt. til 1. nóv. 1992, bendir á eftirfarandi aðgerðir í atvinnulífinu sem stjórnvöld geta gripið til:

1. Aukin samfélagsþjónusta við börn, aldraða og fatlaða. Aukin þjónusta við einstaklinga er ekki síður arðbær en vegavinna.

2. Bygging barnaheimila og félagslegra þjónustuíbúða fyrir aldraða er mjög hagkvæm núna vegna lækkandi byggingarkostnaðar.

3. Endurskoða þarf lög um lánasjóð íslenskra námsmanna í ljósi efnahagskreppunnar þannig að fleira fólk (konur) eigi kost á að velja milli atvinnuleysis og menntunar.

4. Nauðsynlegt er að semja um styttingu vinnutímans til að draga úr fjöldauppsögnum. Erlendar rannsóknir sýna að konur eru fyrstar til að missa vinnuna þegar að kreppir í atvinnumálum og síðastar til að fá vinnu aftur.

5. Stórefla þarf rannsóknar- og þróunarstarfsemi ef tryggja á næga atvinnu fyrir komandi kynslóðir og draga úr landflótta menntafólks.

6. Byggja þarf upp viðtæk endurmenntunarkerfi svo að fólk geti tileinkað sér nýjustu tækni og verkþekkingu eins og best gerist í samkeppnislöndum okkar. Atvinnuleysisbætur falli ekki niður á meðan atvinnulaust fólk stundar slíka endurmenntun.

7. Efla þarf atvinnuþróunarfélög svo að þau geti unnið markvisst að úrbótum í atvinnumálum einstakra byggðarlaga á grundveilli langtíma markmiða. Atvinnuþróunarfélög eiga að beita sér fyrir frumathugunum á nýjum atvinnumöguleikum ásamt því að veita einstaklingum og fyrirtækjum markaðs- og rekstrarráðgjöf. Brýnt er að ráðin verði kona sem atvinnumálaráðgjafi í hverju kjördæmi og að hún sinni sérstaklega atvinnumálum kvenna.

8. Lækka þarf orkuverð til íslenskra fyrirtækja til að bæta samkeppnisstöðu þeirra.

9. Lækka þarf vexti lánastofnana.

10. Þeina þarf auknu fé í ferðapjónustu. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur rúmlega tvöfaldast á einum áratug. Ársverk þar eru nú talin um 6000 eða 4,8% af vinnuaflinu og Ferðamálaráð telur unnt að skapa 2200 ný ársverk á næstu átta árum án mikilla fjárfestinga.

11. Efla þarf rannsóknir á atvinnuskapandi möguleikum sem felast í visthæfni framleiðslu og endurvinnslu. Hvetja þarf fyrirtæki til nýsköpunar á því sviði, því markaður fyrir visthæfar vörur stækkar stöðugt bæði hér og erlendis. Stjórnvöld ættu að vera stefnumótandi og leita eftir samstarfi við atvinnulífið með því að styrkja fyrirtæki sem áhuga hafa á að starfa að visthæfni framleiðslu á einn eða annan hátt.

12. Á tímum vaxandi atvinnuleysis er áriðandi að efla frumkvæði og efnahagslegt sjálfstæði kvenna varðandi eigin atvinnusköpun. Nauðsynlegt er að stjórnvöld styðji stofnun lánatryggingarsjóðs kvenna sem veitir þeim aðgang að ráðgjöf og fjármagni.

ÁLYKTUN LANDSFUNDAR KVENNALISTANS 1992 UM SJÁVARÚTVEGSMÁL

Auðlindir hafsins eru sameign allrar þjóðarinnar.

Kvennalistinn hefur bent á að endurskoða verði fiskveiðistefnu þjóðarinnar og lagt til byggðakvóta, óbundinn skipum. Þessa stefnu þarf að þróa í ljósi breyttra aðstæðna, þ.e.:

1. Minnkandi afla.
2. Tilfærslu kvóta milli landshluta.
3. Hugmynda um aukna samvinnu og sameiningu sveitarfélaga.
4. Tilkomu fiskmarkaða.
5. Öflugri veiðarfæra og breytinga á vinnslu, t.d. frystitogaravæðingar.

Þá þarf að ræða ýms álitamál, svo sem hvort hér gæti hentað tvískipt stjórnkerfi fiskveiða að japanskri fyrirmynd, þar sem veiðiréttindi gilda í innfjörðum og við strendur, en veiðileyfum utan landgrunns er úthlutað á ákveðinn fjölda togveiðiskipa. Einnig þarf að ræða, hvort við getum hugsað okkur einhvers konar sóknarmark.

Við viljum auknar rannsóknir, öflugan stuðning við tilraunaveiðar og nýsköpun í veiðum og vinnslu. Aðeins með þeim hætti er hægt að tryggja að verndun fiskimiðanna og uppbygging fiskistofnanna verði með skynsamlegum hætti. Lífríki sjávar þarf að rannsaka sem heild. Beina þarf skipum í veiðar á vannýttum stofnum með stuðningi við tilraunaveiðar. Einnig þarf að gera átak í markaðsmálum, ekki síst með tilliti til nýrra tegunda og fjölbreyttari vinnslu sjávarfangs.

Markmiðið með því að færa kvótann í hendur byggðarlaganna frá eigendum skipanna er að aflinn verði í reynd sameign þjóðarinnar og undir forræði hennar. Íbúar einstakra byggða eru í betri aðstöðu til að veita sveitarstjórnnum aðhald við útdeilingu kvóta en ríkisvaldinu. Jafnframt væri sveitarstjórnnum gert kleift að tryggja atvinnu í einstökum byggðarlögum með því að útdeila kvóta með ákveðnum skilyrðum. Við minnum á að fiskvinnslufyrirtæki eru helstu vinnustaðir kvenna í sjávarplássum landsins.

Áherslur í einstökum málum:

Við viljum að togveiðilandhelgin sé hvergi minni en 12 mílur.

Við viljum að öllum afla verði landað hér á landi og hann veginn á löndunarstað.

Við viljum jafna kostnað og aðstöðu vinnslu í landi og á sjó.

Við viljum styðja og efla markvissar rannsóknir í fiskeldi, s.s. lúðveldi.

Við styðjum starfsemi aflanýtingarnefndar sem m.a. hefur rekið aflakaupabanka. Á vegum nefndarinnar er leitað að nýjum möguleikum í veiðum, vinnslu og markaðssetningu vannýtttra fisktegunda.

Við leggjum áherslu á frekari fullvinnslu sjávar afla hér á landi.

ÁLYKTUN LANDSEUNDAR KVENNALISTANS 1992 UM RÍKISEJARMÁL

Íslendingar standa frammi fyrir miklum vanda í rekstri þjóðarbúsins. Aflasamdráttur, offjárfestingar, mikil einkaneysla, skuldastaða fyrirtækjanna og stefna ríkisstjórnarinnar valda því að hér er vaxandi samdráttur sem leiðir af sér atvinnuleysi og erfiða stöðu heimilanna í landinu.

Það verður að bregðast við vandanum strax, ná niður skuldum, skera niður útgjöld þjóðarbúsins og atvinnuveganna. Áfla þarf meiri tekna, efla nýsköpun, halda uppi vinnu í landinu og jafna kjörin. Það er þó engan veginn sama hvað verður gert eða hvernig að aðgerðum verður staðið.

Kvennalistinn leggur áherslu á eflingu atvinnulífsins í landinu með því að auka rannsóknir á því sviði svo og að efla almenna starfsmenntun. Veita þarf fé í forvarnir á sviði heilbrigðismála, svo sem almenna heilsuvernd, varnir gegn umferðarslysum og vímuefnavanda. Með því sparast útgjöld til heilbrigðiskerfisins.

Til tekjuöflunar vill Kvennalistinn:

- Hert eftirlit með skattsvikum.
- Hátekjuskatta.
- Lúxusskatta á varning sem ekki telst til brýnna nauðsynja.
- Skatta á fjármagnstekjur sem eru umfram það sem talist getur eðlilegur varasjóður meðalfjölskyldu.

Kvennalistinn leggur þunga áherslu á að þær aðgerðir sem gripið er til bitni ekki á þeim sem verst hafa kjörin, en að þeir sem mest bera úr bótum borgi eins og þeir hafa efni til.

Kvennalistinn mótmælir þeirri hentistefnu ríkisstjórnarinnar sem einkennist af handahófskenndum niðurskurði og vill að verkefnum sé forgangsraðað með framtíðarsýn í huga.

Kvennalistinn er reiðubúinn til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins og stjórnmalaflokkana um leiðir til lausnar þeim erfiðleikum sem við blasa.

ÁLYKTUN LANDSFUNDAR KVENNALISTANS 1992 UM ÖRYGGISMÁL

Á undanförunum árum hafa heimssögulegir atburðir gerst sem skapað hafa nýjar aðstæður í öryggismálum heimsins. Berlínarmúrinn féll árið 1989 og í kjölfar hans bæði Sovétkerfið og Varsjárbandalagið. Tvö stórveldi sem byggðu á andstæðum hugmyndum standa ekki lengur grá fyrir járnum og ala á óvinaímynd sín á milli og milli einstaklinga og hópa um heim allan. Merkir áfangar hafa náðst í afvopnunarsamningum og kjarnavopnum hefur fækkað verulega, jafnt á hafi úti sem á landi.

Landsfundur Kvennalistans bendir á að við þessar aðstæður er mikilvægt fyrir þjóðríki, ríkjabandalög og alþjóðastofnanir að líta á öryggismál út frá nýju sjónarhorni. Það sem óru fremur ógnar nú öryggi íbúa einstakra ríkja og heimsins alls er geislaþvirkur úrgangur, mengun, sem t.d. eykur gróðurhúsaáhrif og þynnir ósonlagið, eyðing gróðurlendis, s.s. regnskóga, og útdauði tegunda. Þetta ættu Íslendingar að skilja þjóða best þar sem byggð í landinu stendur og fellur með lífríki hafsins.

Ný skilgreining í öryggismálum, sem byggir á varðveislu umhverfis fremur en hernaðarstyrk, kallar á nýjar aðferðir til að tryggja sameiginlegt öryggi okkar. Þar aðferðir hljóta að vera alþjóðlegar í eðli sínu og í því sambandi leggur landsfundur Kvennalistans áherslu á mikilvægi Sameinuðu þjóðanna og Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, en hafnar sem fyrr hernaðarbandalögum s.s. NATO og Vestur-Evrópusambandinu (WEU).

ÁLYKTUN LANDSFUNDAR KVENNALISTANS 1992 UM AFSTÖÐUNA TIL EES.

Innan Kvennalistans hefur frá upphafi verið sívakandi umræða um stöðu Íslands í heimi þjóðanna. Við Kvennalistakonur hljótum að spyrja hvaða þróun verði líklegust til að bæta stöðu kvenna, hvernig lýðræði verði best tryggt, hvaða leiðir eigi að feta og hvers konar samfélagsþróun muni stuðla að jafnvægi manns og náttúru. Það er ljóst að þessum spurningum og öðrum svara konur innan Kvennalistans á fleiri en einn veg þó endanlegt markmið sé hið sama, að bæta stöðu kvenna.

Á síðustu misserum hafa margar spurningar vaknað um samstarf við þjóðir Evrópu og þá ekki síst sú spurning hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið á tímum mikilla breytinga. Umræður hafa leitt í ljós, að innan Kvennalistans ríkir ekki einhugur um það með hvaða hætti staða Íslands verði best tryggð miðað við þá kosti sem nú eru uppi. Í stefnuskrá Kvennalistans er ítrekuð nauðsyn þess fyrir kvenfrelsisafl að hlusta eftir mismunandi röddum kvenna og taka mið af fjölbreytileika þeirra í allri stefnumörkun. Landsfundur Kvennalistans viðurkennir að skoðanir varðandi afstöðu samtakanna til EES og EB eru skiptar. Landsfundur Kvennalistans telur þau skoðanaskipti sem orðið hafa ekki gefa tilefni til að breyta yfirlýstri stefnu varðandi aðildina að EES og EB.

Kvennalistakonur tóku þá afstöðu fyrir síðustu kosningar að þær vildu móta framtíð Íslendinga utan hins evrópska efnahagssvæðis og Evrópubandalagsins. Landsfundur Kvennalistans 1992 áréttar þá yfirlýstu stefnu samtakanna. Landsfundurinn minnir á að ákvarðanir hans eru stefnumarkandi fyrir starfsemi hans innan þings sem utan, en leggur áherslu á að samtökin gera ekki þá kröfu til Kvennalistakvenna að þær greiði atkvæði gegn eigin sannfæringu.

Kvennalistinn telur eðlilegt og skylt að leggja samninginn um EES í dóm þjóðarinnar til synjunar eða samþykktar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Samningurinn um EES er eitt stærsta utanríkismál sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir á lýðveldistímanum og það er réttur þjóðarinnar að velja sér framtíð og örlög. Landsfundur Kvennalistans 1992 skorar á alþingismenn að samþykkja framkomna þingsályktunartillögu um að bera aðildina að EES undir þjóðaratkvæði. Þá leggur landsfundurinn áherslu á að Alþingi eyði öllum vafa um að